



ÁRSSKÝRSLA 2014

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR





EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	2
Skýrsla framkvæmdastjóra.	4
Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.	7
Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja.	8
Helstu fjárfestingar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins	11
Fjárfestingar í sjóðum	32
Ársreikningur 2014	35
Rekstrarreikningur árið 2014	38
Efnahagsreikningur 31.12. 2014	39
Skýringar	42



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Almar Guðmundsson

Það eru sennilega fá orð sem lýsa starfi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins jafn vel og breytingar. Sjóðurinn hefur í áranna rás fjárfest í fjölda fyrirtækja sem byggja starf sitt á nýjum hugmyndum eða tækni sem leysir eldri af hólm. Afurðir þessara fyrirtækja eru þess vegna hluti af sífellum breytingum og framförum í samfélaginu sem eru öllum til góða. Út á þetta gengur starf í nýsköpun og í öllum samfélögum þarf það að vera keppikefli að gera veg hennar sem mestan.

Það er gleðilegt að segja frá því að það sem hefur einkennt fjárfestingarumhverfi í nýsköpun á Íslandi undanfarin misseri eru einmitt breytingar. Ber þar fyrst að nefna að ríkisvaldið hefur aukið framlög sín til Tækniþróunarsjóðs á þessu ári og enn meiri aukning kemur til árið 2016 ef allt gengur eftir. Þetta er geysilega mikilvægt skref fyrir fyrirtækin í landinu, sem fá þarna betra tækifæri til að fá stuðning við mikilvægt rannsóknar- og þróunarstarf. Það er líka mikilvægt að Tækniþróunarsjóður er samkeppnissjóður sem gerir ríkar kröfur til umsókna.

Það er í senn gleðilegt og mikilvægt að íslenskir fjárfestar, jafnt svokallaðir viðskiptaenglar sem fagfjárfestar eins og lífeyrissjóðir, eru orðnir mun jákvæðari á fjárfestingar í sprotafyrirtækjum. Þetta sést vel á því að í upphafi ársins voru þrír nýir sjóðir, sem sérhæfa sig í fjárfestingum í vaxtar- og nýsköpunarfyrirtækjum, kynntir til sögunnar. Það eru því fleiri möguleikar en áður fyrir hraðvaxandi fyrirtæki að sækja fjármagn á Íslandi til frekari vaxtar og þróunar. Stofnun þessara þriggja sjóða er líka vísbending um að lagalegt fyrirkomulag nýsköpunarsjóða og samþykka þeirra er búið að festa sig í sessi.

Ofangreindar breytingar hafa svo sannarlega áhrif á Nýsköpunarsjóð. Hann þarf að þróast með þessari hröðu atburðarás enda gegnir hann mikilvægu hlutverki. Það er staðreynd að einu fjármunirnir sem NSA hefur til fjárfestinga í nýjum fyrirtækjum koma í gegnum sölu á eignarhlutum úr eignasafni sjóðsins. Því hafa um alllanga hríð verið vangaveltur innan sjóðsins um að setja á stofn annan sjóð, undir nafninu Silfra, þannig að bæði yrði hægt að auka fjármagn í nýfjárfestingar og ekki síður að nýta ennþá betur hina miklu reynslu og þekkingu starfsfólks sjóðsins á sviðum fjárfestinga í yngri sprotum. Við bindum vonir við að undirbúningi að stofnun nýs sjóðs ljúki á næstu vikum. Þetta er ekki síður mikilvægt í því samhengi að enn vantar tilfinnanlega fjármagn á allra fyrstu stigum nýsköpunar, en hinir nýju sprotar- og nýsköpunarsjóðir fjárfesta almennt ekki í svo ungunum fyrirtækjum. Það er áminning fyrir okkur að í ár var ekkert fyrirtæki í 2. deild (velta 10-100 m.kr.) sem náði að uppfylla viðmið dómnefndar Vaxtarsprotta Samtaka sprotafyrirtækja og Samtaka iðnaðarins, þrátt fyrir margar ábendingar og tilnefningar. Betur má ef duga skal.

Ég vil geta þess sérstaklega á þessum vettvangi að íslenska ríkið hefur í gegnum stofnun NSA lagt sitt af mörkum í því að þróa nýsköpunarumhverfið á Íslandi og á því hefur svo orðið framhald, m.a. með því að hluti af ágóða af einkavæðingu Símans fór í fjárfestingu NSA í Frumtaki. Frumtak hefur síðan fjárfest í ýmsum álitlegum vaxtarfyrirtækjum. Að auki má nefna hina jákvæðu þróun á Tækniþróunarsjóði, eins og nefnt var að ofan, og fleira mætti tína til.

Það er eftir sem áður skoðun mín að stjórnvöld þurfi sem allra fyrst að taka fleiri afgerandi skref til að hlúa að nýsköpunarumhverfinu á Íslandi. Þar á ég ekki endilega við að ríkið setji peninga í fjárfestingar í nýsköpun, heldur frekar að ýmsir skattalegir hvatar verði efldir og Ísland verði enn meira kjörlendi fyrir sprotafyrirtæki og samkeppnishæft eftir því. Það þarf að huga að því að hækka þak á endurgreiðslum skatta vegna rannsókna og þróunarstarfs. Það þarf að setja upp skattalega hvata til fjárfestinga í fyrirtækjum og það þarf að huga að skattaumhverfi starfsmanna fyrirtækja, t.d. varðandi skattlagningu á kaupréttum í fyrirtækjum. Gjaldyrishöft hafa reynst nokkur dragbítur á fjárfestingu í sprotum og þau þarf að afnema sem fyrst þannig að innlendir og erlendir aðilar hafi meira traust á að byggja stærri hluta vaxandi fyrirtækja upp á Íslandi. Eðlilega vaxa fyrirtækin út fyrir Ísland, en það er mikilvægt að þekking sitji eftir í sem mestum mæli og arður af uppbyggingu hennar. Kannski þurfum við að huga að mælingum á „þekkingarfótspori“ íslenskra sprota. Það er vissulega gleðilegt að stjórnvöld hafa á ýmsan hátt sett nýsköpunarumhverfi í forgang. En nú þarf að fara áfram og lengra.

Talandi um breytingar. Heimurinn er á fleygiferð, sem þýðir auðvitað að fjárfestingarumhverfi NSA hefur sennilega aldrei verið áhugaverðara. Það eru spennandi tímar sem bjóða upp á spennandi tækifæri til að búa til ný fyrirtæki byggð á nýrri tækni. Í dag hafa þrír milljarðar manna aðgang að interneti eða 200 sinnum fleiri en fyrir 20 árum. Við horfum fram á hraðar breytingar í orkugjöfum og orkunotkun, internet hlutanna er staðreynd, við notum stafræna gjaldmiðla í auknum mæli, þrívíddarprentun er veruleiki og sýndarveruleiki er líka

veruleiki með óþrjótandi möguleika. Það er mikil þróun á sviði lækningatækja og meðferðarlausna, en þar hafa íslensk fyrirtæki getið sér gott orð. Við þurfum sem þjóðfélag að laga innviði okkar að tækifærunum sem þessu fylgja. Það þarf að hlúa að ýmsum innviðum, t.d. hvað varðar gagnatengingar til og frá landinu og innanlands. Þessar samgöngur nútímans eru ótrúlega mikilvægar. Þá þarf að stórefla menntun sem byggist á raungreinum, tækni og almennt virkjun hugans. Fyrirtækin okkar þurfa líka að gera betur í að taka á móti nýjum tímum og efla allt starf sem lýtur að rannsóknum og þróun. Þarna má alltaf gera betur. Það þarf stöðugar umbætur.

Ég vil að lokum færa starfsfólki sjóðsins og Helgu Valfells framkvæmdastjóra þakkir fyrir þeirra frábæra framlag til sjóðsins. Ég færi jafnframt samstarfsfólki mínu í stjórn bestu þakkir fyrir gott og heilt samstarf.



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Helga Valfells

Lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (NSA) tóku gildi í maí 1997 og sjóðurinn tók til starfa rétt fyrir árslok sama ár. Margt hefur breyst í umhverfinu á þessum tíma. Nýsköpunarsjóður hefur farið í gegnum netbólur, bankahrún og yfir 150 fjárfestingar á þessum tíma. Þegar horft er til baka er ljóst að sjóðurinn hefur náð árangri með því að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum, læra af mistökum og fagna sigrum án þess að missa sjónar á upphaflegu verkefni sjóðsins, sem er að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka.


Nú þegar sjóðurinn nær 18. aldursári, næstum „fullorðinn“, er ef til vill við hæfi að líta um öxl og mæla árangur „unglingsáranna“ Fjárfesting í nýsköpun er og verður áhættusöm. Starf okkar hjá NSA gengur að miklu leyti út á að velja réttar fjárfestingar, á réttu verði, og síðan að stýra og takast á við áhættuþætti. Við vitum að það eru miklar sveiflur í afkomu sjóðs eins og NSA. Við tökum áhættu í fjárfestingum en erum íhaldssöm þegar kemur að uppgjöri. Eitt gott ár er ekki nóg til að mæla árangur sjóðs eins og NSA heldur þarf að horfa yfir lengri tíma. Enginn veit raunverðmæti eigna fyrir en þær eru seldar áfram eða lokað.

5 ára árangur

Þegar árangur sjóða eins og Nýsköpunarsjóðs er metinn þarf að horfa til minnst fimm ára. Árin frá hrúni hafa verið hliðholl NSA. Sjóðurinn hefur fengið tækifæri til að fjárfesta í mörgum spennandi verkefnum. Umhverfið á Íslandi undanfarin ár hefur einkenst af því að hér eru mörg tækifæri en fjármagn frekar takmarkað. Það stendur sem betur fer til bóta. Við hjá NSA höfum unnið hörðum höndum undanfarin ár að því að auka

útgöngur úr félögum svo að við getum haldið áfram að fjárfesta. Á árunum 2010 til 2014 seldi NSA hlut sinn í 12 félögum fyrir samtals um þrjá milljarða króna. Þessari sömu upphæð hefur síðan verið varið til að fjárfesta í nýjum fyrirtækjum. Þegar litið er yfir heildarútgöngur sjóðsins er ljóst að þau fyrirtæki sem seld hafa verið með hagnaði hafa náð að vega upp tapið á þeim fyrirtækjum sem var lokað eða fóru í þrot. Fimm ára innri ávöxtun sjóðsins árið 2010-2014 var 23%.

Fimm ára innri ávöxtun



Samstarf fjárfesta

NSA leggur sig fram við að vera í góðu samstarfi við aðra fjárfesta í nýsköpun, hvort heldur sem þeir koma samhliða okkur eða á eftir okkur inn í fjárfestingar. Árið 2014 fundum við vissulega fyrir auknum slagkrafti svokallaðra „engla“ en það eru fjársterkir einstaklingar sem fjárfesta beint í nýsköpunarfyrirtækjum. Samtals fjárfestu englar fyrir tæpar 700 milljónir samhliða Nýsköpunarsjóði. Einnig fjárfestu Eyrir Sprotar og Frumtak 1 samhliða Nýsköpunarsjóði í þroskaðri fyrirtækjum.

Þá er ánægjulegt að segja frá því að áhugi erlendra fagfjárfesta er alltaf að aukast. Þrátt fyrir gjaldyrishöft höfum við hjá NSA orðið vör við aukinn áhuga erlendra fjárfesta á að taka þátt í því að fjárfesta í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum. Réttur fjárfestir getur skilað útflutningsfyrirtækjum markaðs- og sölubekkingu. Auk þess eru margir erlendir fjárfestar með dýpri vasa en við hér heima. Árið 2014 bættust fjórir erlendir sjóðir við hluthafahóp fyrirtækja í eignasafni NSA.

Þeir eru:

- Írski fjárfestingarsjóðurinn Leaf Investments fjárfesti í Infomentor
- Hollenski sjóðurinn LSP og franskur sjóðurinn Seventures fjárfestu í Mint Solutions
- Bold Start Ventures fjárfesti í Sling

Þrátt fyrir góðar útgöngur og frábæra meðfjárfesta er ljóst að NSA þarf aukið fjármagn til að ná enn betri árangri. Við sem erum að fjárfesta á fyrstu stigum atvinnulífsins vitum að ýmsar góðar hugmyndir góðra teyma fá ekki fyrstu fjármögnun og

einnig fá fyrirtæki sem eru byrjuð að sanna sig ekki nægilega mikla fjármögnun til að ná tilætluðum árangri. Það þarf sértæka þekkingu og ákveðna þolinmæði til þess að hagnast á fjárfestingum í þessum eignaflokki. Eftir 18 ár í fjárfestingum í nýsköpun hefur NSA sýnt fram á að þessi þekking og reynsla er fyrir hendi hjá sjóðnum og mikilvægt að hún nýtist því umhverfi sem við viljum tryggja nýsköpun á Íslandi.

Árið 2014 áttum við hjá NSA gott samtal við lífeyrissjóði og aðra stofnanafjárfesta um aðkomu þeirra að þessum eignaflokki. Nýsköpunarsjóður hélt þrjá fræðslufundi með lífeyrissjóðum og skipulagði sérstaka ferð fyrir íslenska lífeyrissjóði til Norðurlandabjóðanna til að læra af því hvernig lífeyrissjóðir í nágrannalöndum okkar hafa náð að hagnast á fjárfestingum í nýsköpun. Vonandi erum við að uppskera árangur af þessari fræðslu nú þegar þrír nýir nýsköpunarsjóðir hafa fengið fjármagn. Vonir okkar standa til að þeir verði fleiri því enn er ekki búið að ná markmiðinu sem McKinsey setti okkur sem þjóð; að verja þremur milljörðum árlega í nýsköpun.

Útgöngur hjá NSA síðustu fimm árin

2010	2011	2012	2013	2014
				
				
				

Eignasafn og fjárfestingatækifæri

Árið 2014 var gott ár fyrir flest fyrirtæki í eignasafni NSA. Mörg fyrirtækjanna unnu stóra sigra í vöruþróun og sölu. Um áramótin 2014/15 átti NSA hlut í 34 fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki voru samtals með tæpra fjögurra milljarða króna veltu, af því voru um 70% gjaldeyristekjur. Hjá þessum fyrirtækjum eru hátt í 400 starfsmenn.

Samþykkt var að fjárfesta í tveimur nýjum fyrirtækjum á árinu, þau eru Gangverk og Kaptio:

- **Gangverk** hefur þróað hugbúnaðarlausnina Sling fyrir fyrirtæki í þjónustugeiranum sem er með fólk í vaktavinnu. Frumkvöðlarnir eru Atli Þorbjörnsson og Helgi Hermannsson.
- **Kaptio ehf.** var stofnað af frumkvöðlunum Arnari Laufdal og Ragnari Fjölnissyni. Hugbúnaðurinn Kaptio Travel gerir ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum kleift að halda utan um tilboðsferli og bókanir viðskiptavina sinna á skilvirkari hátt en nú er unnt.

Jafnframt fjárfesti sjóðurinn í sjö fyrirtækjum sem þegar voru í eignasafni sjóðsins. Þau eru:

- Gangverð
- Greencloud
- Mentor
- Oxymap
- Andrea Maack
- Dohop
- Remake

Á árinu 2014 voru samþykktar fjárfestingar fyrir 386 mkr. í nýjum og eldri fyrirtækjum.

Rekstur og afkoma 2014:

Árið 2014 skilaði NSA hagnaði upp á 201 mkr. Helsti kostnaðarliður sjóðsins var varúðarniðurfærsla upp á 102 mkr. Helsti tekjuliður sjóðsins var söluhagnaður af eignarhlutum í fyrirtækjum.

Nýsköpunarsjóður seldi eignarhlut sinn í eftirtöldum fyrirtækjum:

- **Kerecis** – Nýsköpunarsjóður fjárfesti í Kerecis í lok árs 2009
- **Primex** – Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1998
- **Alur** – álvinnsla – Nýsköpunarsjóður fjárfesti í félaginu árið 2003

Heildareignir sjóðsins um áramót voru 5,3 milljarðar, þar af voru tæplega 4,3 milljarðar í fjárfestingum í fyrirtækjum og samlagssjóðum.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsmönnum Nýsköpunarsjóðs fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

STJÓRN NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS



Almar Guðmundsson, formaður

Almar er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA-gráðu frá London Business School. Almar er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, en innan samtakana eru um 1.300 iðnfyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda og hefur einnig á undanförunum árum fengist við kennslu við Háskólann í Reykjavík. Almar hefur komið að stjórnarstörfum á ýmsum sviðum og má þar nefna Skeljung hf., Vottun ehf. og knattspyrnudeild Stjórnunnar svo eitthvað sé nefnt. Árin 1997 til 2008 starfaði Almar við ýmis stjórnunarstörf innan Íslandsbanka.



Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson, varaformaður

Finnbjörn fæddist í Reykjavík 1954. Hann er húsasmiður, með uppeldis- og kennslufræðimenntun frá KHÍ og diplómanám í mannauðsstjórnun frá HR. Finnbjörn er formaður Byggiðnar, félags byggingamanna, frá 1997. Hann tók þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs og var varamaður í stjórn á árunum 1997-2001. Finnbjörn hefur verið stjórnarmaður í NSA frá 2010. Finnbjörn situr í miðstjórn ASÍ og stjórn Iðunnar fræðsluseturs auk ýmissa nefnda og ráða á vegum verkalyðshreyfingarinnar.



Ásta Þórarinsdóttir

Er hagfræðingur frá HÍ og MS í Investment Management frá City University í London. Hún er framkvæmdastjóri Sinnum ehf. og annar af stofnendum þess og er einnig framkvæmdastjóri Evu ehf. móðurfélags Sinnum. Eva ehf. var stofnað árið 2007 og Sinnum árið 2008 og starfa fyrirtækin á velferðarsviði, m.a. við heimþjónustu og rekstur sjúkrahótels. Ásta hefur setið í mörgum stjórnnum og nefndum bæði á einkamarkaði og hjá hinu opinbera, s.s. Jöklum – verðbréfum, Gangverði ehf., ISB Holding, LÍN og Yfirfasteignamatnefnd. Áður en Ásta hóf störf hjá eigin fyrirtæki starfaði hún m.a. hjá Thule Investments og Fjármálaeftirlitinu.



Guðbergur Rúnarsson

Guðbergur fæddist í Reykjavík 1951 og lauk námi í véla- og rekstrarverkfræði frá Aalborg Universitetscenter 1987. Umsjón með Lagarfljótsvirkjun 1978-1982, verkfræðingur hjá Danyard-skipasmíðastöð 1987, innkaupastjóri hjá Trausta hf. 1987-1988, framleiðslustjóri og síðar markaðsstjóri hjá Vaka fiskeldiskerfum hf. 1988-1997. Deildarstjóri tæknideildar Fiskifélags Íslands 1997-2002. Starfar nú hjá Samtökum fiskvinnslustöðva sem verkefnastjóri fyrir Samstarfsvettvang sjávarútvegs og iðnaðar, í faghópi AVS um veiðar og vinnslu, framkvæmdastjóri fyrir Landssamband fiskeldisstöðva og íslenskra saltfiskframleiðenda.



Erla Ósk Pétursdóttir

Erla er með BA-gráðu í hagfræði frá Macalester College í Minnesota í Bandaríkjunum. Hún er gæða- og þróunarstjóri hjá sjávarútvegsfyrirtækinu Vísi hf. Erla er einnig stjórnarformaður Codland en fyrirtækið hefur það að markmiði að hámarka fullnýtingu á þorski. Eftir nám í Bandaríkjunum starfaði hún hjá Avant Energy í Minneapolis og síðan hjá Ocean Choice International í St. John's, Kanada. Erla situr í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og stjórn Fisktækniskólans.

STARFSMENN NÝSKÖPUNARSJÓÐS Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Stjórnarseta fyrir NSA:

Frumtak GP (formaður)
Andrea Maack
Azazo
Infomentor
Klak-Innovit



Helga Valfells, framkvæmdastjóri

Helga lauk BA-prófi í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University 1988 og MBA-prófi frá London Business School árið 1994. Helga hefur unnið hjá Estée Lauder UK, Merrill Lynch og Útflutningsráði Íslands. Helga hefur jafnframt starfað

sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Helga hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði í ágúst 2009 og var ráðin framkvæmdastjóri í mars 2010.

Gísli Benediktsson, fjárfestingastjóri

Gísli lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967 og útskrifaðist síðan frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971. Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá Iðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir útskrift frá viðskiptadeild HÍ starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi Íslenskra iðnrekenda í fjögur ár og útibússtjóri hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. í eitt ár.



Stiki
Lífeind
Stjörnu-Oddi
Valka
Menn og mýs

Egill Másson, fjárfestingastjóri



Egill lauk BS-prófi í tölvunar- og eðlisfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 1987 og MS-prófi í tölvunarfræði frá sama skóla 1990. Hann starfaði sem forritari hjá Niels Bohr Institut og við rannsóknir hjá NEuroTech A/S í Danmörku. Egill starfaði hjá

Taugagreiningu hf. í 16 ár, fyrst við rannsóknir og síðar sem framkvæmdastjóri. Hann vann síðan við markaðsstörf hjá bandaríska félaginu CareFusion í þrjú ár og var yfirmaður viðskiptagreiðna og hugbúnaðarhögunar hjá Arion banka í þrjú ár. Egill hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði 2010.

Hekla Arnardóttir, fjárfestingastjóri

Hekla lauk C.Sc.-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands vorið 1999. Frá því að námi lauk starfaði hún hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri hf., fyrst við vöruþróun og prófanir í þróunardeild en síðar við markaðssetningu og vörustjórn á Asíumarkaði. Hekla tók þátt í að setja á stofn útibú Össurar í Shanghai og rekstri þess fyrsta árið. Hekla hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði sumarið 2010 og er einn af fjárfestingastjórum sjóðsins.



3Z
Admit
Mint Solutions
Cooori
Remake Electric

Smári Þórarinnsson, fjármálastjóri



Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans 1998. Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978-1997, fyrst sem bókari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Hann gegndi stöðu aðalbókara hjá Fiskveiðasjóði Íslands árið 1992-1997.

Jenný Ruth Hrafnsdóttir, fjárfestingastjóri

Jenný lauk BS-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og Dipl.-Ing.-verkfræðiprófi frá Univeristät Karlsruhe í Þýskalandi árið 2004. Síðast starfaði Jenný sem framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs hjá BiOM Inc í Boston. Þar áður gegndi hún stöðu framkvæmdastjóra Krumma ehf. og var vörustjóri hjá Össuri hf. Jenný hóf störf fyrir sjóðinn 2014.




Mentis Cura
Gangverk
Lífeind
Andrea Maack

Oxymap
Norrænar myndir
Akthelia
Stjörnu-Oddi



STARFSMENN NÝSKÖPUNARSJÓÐS

Hekla Arnardóttir, Smári Þórarinnsson, Helga Valfells, Egill Másson, Svala Vignisdóttir, Gísli Benediktsson og Jenný Ruth Hrafnisdóttir.





HELSTU FJÁRFESTINGAR
NÝSKÖPUNARSJÓÐS
ATVINNULÍFSINS




Karl Ægir Karlsson, lektor við tækni- og verkfræðideild HR, og Haraldur Þorsteinsson stofnuðu 3Z árið 2008 ásamt Háskólanum í Reykjavík. Karl Ægir er framkvæmdastjóri félagsins.

3Z sprettur upp úr öflugum rannsóknarumhverfi innan tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík og er bakgrunnur stofnenda í taugasálfræði og taugavísindum. Fyrirtækið hefur það að markmiði að markaðssetja aðferð þar sem sebrafiskar eru notaðir til skimunar á sameindum sem hafa áhrif á miðtaugakerfið og stunda þannig skipulega leit að miðtaugakerfislyfjum framtíðarinnar. Aðferðirnar eru mun ódýrari, hraðvirkari og mannúðlegri en þær sem mest eru notaðar í dag. 3Z stefnir á að bjóða skimunarþjónustuna til fyrirtækja í lyfjaþróun. Eins og áður segir byggjast aðferðir 3Z á rannsóknum sem fram hafa farið við Háskólann í Reykjavík. Háskólinn hefur enn fremur stutt við uppbyggingu fyrirtækisins með margvíslegum hætti og hefur fyrirtækið rannsóknaraðstöðu í háskólanum. Einnig hlaut 3Z mikilvægan styrk frá Tækniþróunarsjóði við upphaf starfseminnar, sem gerði frumþróun aðferða og ferla mögulega.

www.3Z.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2012

Helstu hluthafar	%
Karl Ægir Karlsson	39,0
Háskólinn í Reykjavík	21,0
Nýsköpunarsjóður	30,0
Aðrir	10,0



Fyrirtækið **Admit** hefur þróað hugbúnaðinn Admittor sem styður inntökuferli háskóladeilda á heildstæðan hátt. Admittor einfaldar meðferð umsókna, bætir gagnasöfnun og tölfræði og sparar háskólum þar með tíma og peninga. Admittor tekur á öllu umsóknarferlinu bæði frá sjónarhóli umsækjenda en sérstaklega þeirra sem taka við umsóknum. Boðið er upp á greiningartól, skilaboð, eyðublöð og skipulagningu funda. Þetta kerfi hefur verið sniðið að þörfum inntökudeilda og er eina kerfið á markaðnum sem er með allt á einum stað. Fyrsti viðskiptavinur Admittor er deildin System Design and Management hjá MIT (www.sdm.mit.edu). Hugbúnaðurinn hefur verið þróaður í nánu samstarfi við inntökudeildina sem eykur líkur á því að lausnin sé sú rétta sérstaklega fyrir háskóla af þessum gæðum.

www.admittor.com



ADMITTOR

Admit var stofnað árið 2011. Stofnendur og frumkvöðlar á bak við Admit eru Þórarinn Sigurðsson, Guðmundur Egill Árnason, Einar Björgvin Sigurbergsson og Gísli Baldur Gíslason. Þórarinn er framkvæmdastjóri félagsins og Einar Björgvin er stjórnarformaður þess.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2013

Helstu hluthafar	%
Þórarinn Sigurðsson	24,0
Gísli Baldur Gíslason	22,0
Guðmundur Egill Árnason	10,0
Einar Björgvin Sigurbergsson	8,0
Startupbootcamp	6,0
Nýsköpunarsjóður	30,0





Klak-Innovit teymiä.




AGR var stofnað árið 1998 af Gísla Reynissyni, Hálfadáni Guðna Gunnarssyni, Páli Jenssyni og Sveini Stefáni Hannessyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Haukur Þór Hannesson.

AGR þróar og selur lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Félagið var stofnað árið 1998 í framhaldi af rannsóknarverkefnum við verkfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirtækið hefur undanfarin ár þróað aðferðir og hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað í nánu samstarfi við Rannís og Háskólann í Reykjavík. Lausnir AGR hafa verið innleiddar hjá yfir 100 fyrirtækjum í 20 löndum, en helstu markaðssvæði eru Ísland, Bretland og Norðurlöndin. Fyrirtækið rekur þrjár skrifstofur undir merkjum AGR, á Íslandi, Bretlandi og Danmörku, en vinnur einnig náðið með mörgum þekktum alþjóðlegum endursöluaðilum. Meðal hugbúnaðarlausna eru AGR Innkaup sem reiknar út sjálfvirkar innkaupatillögur út frá söluspám sem leitast við að lágmarka það fé sem bundið er í birgðum á sama tíma og að viðhalda viðunandi þjónustustigi. AGR hefur einnig þróað söluáætlanakerfi sem tengir áætlanagerð fyrirtækja betur við innkaupaferlið til enn frekari hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar.

www.agr.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000

Helstu hluthafar	%
Frumtak	37,4
Íslenska útflutningsmiðstöðin	18,2
Nýherji	18,1
Haukur Hannesson	10,3
Nýsköpunarsjóður	7,8
Aðrir	8,2



Akthelia Pharmaceuticals þróar sýklalyf sem innihalda vissar smásameindir sem geta örvað meðfæddar varnir líkamans og þannig unnið bug á smitsjúkdómum. Lyfjaþróunin byggist á niðurstöðum rannsókna við Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og er því um að ræða nýja nálgun á meðferð gegn smitsjúkdómum. Lyfin gætu m.a. reynst gagnleg gegn sýklstofnum sem eru ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Akthelia hefur nú sótt um tvö einkaleyfi til verndar tækninni sem lyfjaþróunin byggist á. Í gangi eru forklínískar og klínískar rannsóknir sem prófa virkni tækninnar gegn sýkingum í meltingarvegi og öndunarfærum. Leitað er að samstarfsaðilum til að fjármagna áframhaldandi lyfjaþróun.


www.akthelia.is



Akthelia Pharmaceuticals var stofnað árið 2002 af íslensku og sænsku vísindamönnum Eiríki Steingrímssyni, Guðmundi H. Guðmundssyni, Önnu Birgittu Agerberth og Kurt Roger Strömberg.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Birgitta Agerberth	18,4
Eiríkur Steingrímsson	18,4
Guðmundur H. Guðmundsson	18,4
Roger Stromberg	18,4
Nýsköpunarsjóður	22,8
Aðrir	3,6



ANDREA MAACK PARFUMS

Andrea Maack var stofnað af Andreu Maack og Gísla Sverrissyni árið 2011. Framkvæmdastjóri félagsins er Gísli Sverrisson.

ANDREA MAACK er íslenskt ilmvatnshús, hugarfóstur myndlistarmannsins Andreu Maack og á uppruna sinn að rekja til myndlistarsýninga hennar. Fyrirtækið var stofnað 2011 og í framhaldinu hófst öflug markaðssetning erlendis og eru ilmvötnin nú seld í hágæðaverslunum víðsvegar um heim. Þjónusta fyrirtækisins er að bjóða upp á hágæðailmvörur með óvenjulegan uppruna. Samstarf Andreu við ilmvatnsgerðarmennina (perfumera) er nýstárlegt en þeir setja saman ilmvötn út frá hugarheimi og myndlistarverkum hennar.

www.instagram.com/andreamaack

Atmo Select. Gogoyoko var stofnað til þess að leiða þýðingarmikla breytingu í tónlistariðnaðinum með viðskiptalíkani sem nefnist „Fair Play in Music“ og setur rétt listamanna í algjöran forgang. Upphaflega bauð gogoyoko upp á gjaldfrjálsa streymisþjónustu til neytenda en hefur nýlega breytt um stefnu og mun eftirleiðis sérhæfa sig í tónlistarlausnum fyrir fyrirtæki undir nafninu Atmo Select.


www.atmoselect.com



Gogoyoko var stofnað árið 2007 af Hauki Magnússyni og Péttri Úlfi Jónssyni. Ívar Kristjánsson, einn stofnenda CCP, er framkvæmdastjóri félagsins.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Frumkvöðlar	57,0
Nýsköpunarsjóður	43,0



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	7,0
Aðrir	93,1





Fyrirtækið var stofnað árið 2007. Frumkvöðull og framkvæmdastjóri
Azazo er Brynja Guðmundsdóttir.

Azazo býður upp á heildarlausn á sviði skjalamála og varðveislu. Azazo býður upp á sérfræðipjónustu við greiningu rekstrarferla og gerð skjalaáætlana. Þá sér fyrirtækið um að varðveita gögn eins og skjöl, muni og menningarminjar fyrir fyrirtæki og stofnanir á öruggan og skipulagðan hátt í sérhæfðu vörsluhúsnæði. Fyrirtækið hefur þróað hugbúnaðinn CORE data sem er öflugt upplýsingastýringakerfi.

www.azazo.com

Cooori byggist á áralöngu rannsóknar- og þróunarstarfi við Tokyo Institute of Technology. Cooori býður veflausnir til tungumálanáms sem byggjast á nýjustu tækni í gervigreind, talgreiningu og gagnavinnslu. Lausnir sem geta valdið straumhvörfum í skilvirkni tungumálanáms í heiminum og byggjast á flókinni tækni sem er í alþjóðlegu einkaleyfisferli og á sér ekki hliðstæðu. Í fyrstu útgáfu kerfisins var enskumælandi fólk hjálpað að læra japönsku en nú hefur enskukennsla fyrir Japani einnig verið sett á markað. Formlegur rekstur með áskriftargjöldum hófst í maí 2012. Önnur tungumálapör munu fylgja í kjölfarið. Auk þess hefur Cooori gefið út sérlausn fyrir snjalltæki sem heitir Lingo World.


www.cooori.com



Cooori var stofnað árið 2010 og eru frumkvöðlar félagsins Arnar Þór Jensson framkvæmdastjóri og Þorsteinn G. Gunnarsson stjórnarformaður.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Core Invest ehf.	18,7
Auður I fagfjárfestarsjóður	18,4
Nýsköpunarsjóður	17,0
Andrea Rafnar	13,4
Aðrir	32,5



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Arnar Jensson	21,9
Nýsköpunarsjóður	33,3
Jens Björgvin Helgason	8,4
Aðrir	36,1





Helgi Hermannsson og Atli Þorbjörnsson í Sling.




Dohop var stofnað af Frosta Sigurjónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Kristján G. Bjarnason.

Dohop var stofnað 2004 til að þróa og reka vef sem auðveldar neytendum um allan heim að finna ódýrar flugferðir og tengingar milli þeirra, hvort sem flogið er með lágfargjaldaflugfélögum eða ekki. Í dag fær vefurinn heimsóknir frá flestum löndum heims enda til á 26 tungumálum og mánaðarlega kemur u.þ.b. ein milljón gesta inn á vefinn. Dohop hefur gert auglýsingasamninga við hundruð flugfélaga og ferðaskrifstofa en auk þess selur Dohop flugfélögum og flugvöllum flugleitina sem þau nýta á eigin vefjum. Á vef Dohop er einnig að finna hótél- og bílaleiguleit sem unnin er í samstarfi við erlend fyrirtæki. Tæknin á bak við vefinn stendur traustum fótum og getur auðveldlega afkastað margfalt fleiri gestum. Á undanfögnu ári var því lögð meiri áhersla á sölu- og markaðsstarf og áfram verður haldið á þeirri braut á komandi misserum. Nýjasta afurð félagsins er DohopGO sem setur fram mögulega áfangastaði eftir því tímabili sem notandi velur að ferðast á.

www.dohop.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,8
Aðrir	89,2



Gangverð þróa hagnýt tölfræðillkön sem nýtast á sviði fjármála, markaðsviðskipta og hagfræðilegrar greiningar. Fyrirtækið hefur þróað vöruna Verðvísí fyrir fagaðila í eignaviðskiptum og fjármögnun sem gefur betri upplýsingar en áður hafa verið aðgengilegar um verð og verðþróun fasteigna og bifreiða. Þessar upplýsingar nýtast t.d. við mat á umsóknum um lán með veðum í slíkum eignum og til umsýslu og eftirlits með lánasöfnum og verðbréfum sem byggjast á veði í slíkum eignum. Verðvísir Gangverðs veitir hlutlægar og óháðar upplýsingar um eignaverð við ákvarðanatöku um lánveitingu og eftirlit lánasafna og segir jafnframt til um hversu traust verðmatið er. Með hjálp Verðvísís er hægt að gera álagspróf og leggja mat á líklega þróun lánsáhættu miðað við mismunandi forsendur um framvindu efnahagsmála.


www.gangverd.is



Sigurður Ingólfsson stofnaði Gangverð árið 2011 og er framkvæmdastjóri félagsins.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2012

Helstu hluthafar	%
Steinstún ehf.	48,9
Nýsköpunarsjóður	36,8
Aðrir	16,0





Genís var stofnað af Hólshyrnu ehf. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins árið 2005. Framkvæmdastjóri félagsins er Jóhannes Gíslason.

Genís þróar nýjar aðferðir til að meðhöndla bólgu- og hrönnunarsjúkdóma einkum í bein- og brjóskef en einnig í öðrum vefjum líkamans. Áherslur eru þrífættar: Unnið er að þróun aðferða til að nota amínósykrur til að efla græðingarmátt skaddaðs beinvefs með ígræðsluefnum við skurðaðgerðir. Verið er að þróa sykruform sem hægt er að gefa um munn til að sporna gegn vefjaskemmdum af völdum bólgu. Unnið er að rannsóknum sem lúta að því að varpa ljósi á þá ferla sem liggja til grundvallar líffræðilegri virkni amínósykranna. Genís vinnur mikið með innlendum og erlendum vísindamönnum.

GreenQloud þróar og selur QStack semerhugbúnaðarstakker fyrir innviði tölvuskýja. Með QStack geta viðskiptavinir sett upp tölvuský á eigin eða leigðan vélbúnað á einfaldan hátt. Hið uppsetta tölvuský getur verið almennt opið ský („public“), einkaský („private“) eða blandað („hybrid“) og QStack styður sjálfsafgreiðslu fyrir notendur og stjórnendur þjónustunnar.


www.greenqloud.com



Tölvuský var stofnað árið 2010 af Eiríki Sveini Hrafnssyni og Tryggva Lárussyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Þorgrímur Stefánsson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2005

Helstu hluthafar	%
Vor Limited	53,1
Hólshyrna	25,6
Nýsköpunarsjóður	21,3



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Kjölur	52,7
Tryggvi Lárusson	6,9
Nýsköpunarsjóður	29,4
Eiríkur Sveinn Hrafnsson	4,9
Aðrir	6,1







Starfsmenn hjá Mönnum og músum.



Kaptio var stofnað árið 2009 af Arnari Laufdal og Ragnari Ægi Fjölmissyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Arnar Laufdal.

Kaptio ehf. var stofnað af fumkvöðlum Arnari Laufdal og Ragnari Fjölmissyni. Hugbúnaðurinn Kaptio Travel gerir ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum kleift að halda utan um tilboðsferli og bókanir viðskiptavina sinna á skilvirkari hátt en nú er unnt. Kerfið auðveldar jafnframt samskipti við endursöluaðila og birgja. Hugbúnaðarlausnin er hönnuð sem viðbót við Salesforce.com CRM-kerfið en Salesforce er stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Kaptio var stofnað 2009 en hóf starfsemi 2011. Stofnendur tóku þátt í Startup Reykjavík árið 2012 með lausnina Cloud Engineering sem er verðgreiningartól fyrir félög í ferðaþjónustu. Lausnin er nú í eigu dótturfélags Kaptio.

www.kaptio.com

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2014.


Húðin er stærsta líffæri mannsins. Þrálát sár á húð og annar vefjaskaði er algengt óleyst heilbrigðisvandamál. Markmið **Kerecis** er að þróa og markaðssetja lausnir til meðhöndlunar á vefjaskaða. MariGen Omega3 og MariCell Omega3 eru vörur sem byggjast á fyrstu kynslóð tækni Kerecis og er sala hafin. MariGen Omega3-stoðefnið er búið til úr roði af íslenskum þorski með því að fjarlægja allar frumur og öll ofnæmisvaldandi efni úr roðinu. Þegar MariGen Omega3-stoðefnið er lagt við skaðaðan vef nýttist efnið sem stoðgrind fyrir frumur líkamans sem leita inn í efnið, skipta sér, og, ef aðstæður eru réttar, skilja eftir endurskapaða húð. MariCell Omega3 eru sérhönnuð krem til meðhöndlunar á þurri húð með einkennum húðbólgu, þ.m.t. húð sykursjúkra, ásamt exemi og psoriasis. Kerecis vinnur að þróun fleiri gerða af MariGen Omega3-stoðefninu m.a. til meðhöndlunar á kviðslitum, til enduruppbyggingar á brjóstum og viðgerða á heilabasti. Fyrirtækið hefur tryggt sér markaðsleyfi í Bandaríkjunum frá Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitinu (FDA) og fengið endurgreiðslulykil hjá tryggingafélögum. Nýsköpunarsjóður seldi hlut sinn í félaginu á árinu með góðri ávöxtun.

www.kerecis.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009. Fyrirtækið var selt árið 2014.



Kerecis var stofnað árið 2007 af Guðmundi Fertram Sigurjónssyni, dr. Baldri Tuma Baldurssyni, Hilmarí Kjartanssyni og J. Ernest Kenney. Framkvæmdastjóri félagsins er Guðmundur F. Sigurjónsson.



Lífeind var stofnað af Jóni Jóhannesi Jónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Hans Guttormur Þormar.

Lífeind var stofnað árið 2001 og hafa starfsmenn Lífeindar unnið að þróun örgerlarafráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótvirka leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum. Árið 2008 var stofnað systurfyrirtæki Lífeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited. Það fyrirtæki hefur unnið að undirbúningi fyrir framleiðslu tækjabúnaðar, öflun viðskiptasambanda og markaðssetningu. Félagið vinnur á grundvelli þriggja einkaleyfa. Markaðssetning tækjabúnaðar og rekstrarvara er hafin með kynningu tækninnar til valinna vísindamanna og rannsóknarstofnana.

www.biocule.com

Menn og mýs ehf. þróar og selur hugbúnaðarlausnir til stjórnunar á DNS-, DHCP- og IP-innviðum (DDI) fyrir stór alþjóðleg fyrirtæki undir nafninu Men & Mice Suite. Undir kjörorðunum „First Choice in IP Address Management“ leggur fyrirtækið áherslu á vandaða vöru, þekkingu og þjónustu. Menn og mýs var stofnað árið 1990 og árið 1995 var hafin vinna við gerð fyrsta QuickDNS sem var fyrsti DNS-þjónninn fyrir Apple-umhverfi. 99% tekna koma frá erlendum stórfyrirtækjum og markaður fyrir DDI er í hröðum vexti.


www.menandmice.com

MEN&MICE

Menn og mýs var stofnað af Péttri Péturssyni og Jóni Georgi Aðalsteinssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Kristbjörg Jóhannsdóttir.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	43,7
Jón Jóhannes Jónsson	31,5
Tækniþróun ehf.	6,3
Aðrir	18,5



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	24,4
Hiidenkivi Investment Oy	18,3
Magnolia Ventures Oy	18,2
Pétur Pétursson	14,7
Jón Georg Aðalsteinsson	14,7
Aðrir	9,7





Mentis Cura var stofnað árið 2004 af Kristni Johnsen og Lyfjaþróun ehf. Framkvæmdastjóri er Ívar Meyvantsson.

Mentis Cura þróar lífvísa fyrir heilasjúkdóma. Aðferðir félagsins byggjast á heilalínuritum og gera kleift að greina sjúkdóma fyrr en áður og af meira öryggi, fyrir minna fé. Greiningin eykur möguleika á árangursríkari meðferðum og getur komið að mikilvægum notum við þróun á lyfjum. Fyrirtækið selur tvær vörur, annars vegar fyrir greiningu Alzheimer og hins vegar fyrir greiningu ofvirkni og athyglisbrests í börnum. Félagið rekur greiningarstöð á Íslandi og markaðssetning er hafin í Evrópu.

www.mentiscura.is

Mentor - Infomentor var stofnað árið 2000. Frá upphafi hefur fyrirtækið unnið með skólum og byggir á rúmlega 20 ára reynslu af rekstri og þróun upplýsingakerfa. Á þessum árum hefur orðið mikil þróun og kerfið er notað af skólum, sveitarfélögum og íþróttafélögum í nokkrum löndum. Í dag selur Infomentor háþróað vefkerfi sem kennarar nota í sínu daglega starfi. Þeir útbúa áætlanir, merkja ástundun, skrá heimavinnu og einkunnir og meta frammistöðu nemenda miðað við námskrá. Mentor spilar stórt hlutverk í samskiptum heimilis og skóla. Mentor er með starfsstöðvar í fimm löndum. Auk höfuðstöðvanna á Íslandi er fyrirtækið með stöðvar í Svíþjóð, Þýskalandi, Sviss og Bretlandi. Nýir fjárfestar komu að félaginu á árinu 2014, þar á meðal Írski fjárfestinga-sjóðurinn Leaf Investments.


www.mentor.is



Infomentor var stofnað árið 2000 af Jóni Aðalsteinssyni og hjónunum Pétri Péturssyni og Vilborgu Einarsdóttur. Framkvæmdastjóri er Vilborg Einarsdóttir.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	15,4
Þorvaldur Gissurarson	9,6
Abelsnes Invest AS	11,0
Stratel AS	14,3
Aðrir	49,7



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	13,0
Frumtak	26,9
Vilma ehf.	12,4
Eyrir Sprotar	16,2
Leaf Investments	7,5
Aðrir	24,0





Jón Jóhannes Jónsson, Hans Guttormur Þormar og Bjarki Guðmundsson hjá Lifeind.



Mint Solutions var stofnað árið 2010 af Gauta Reynissyni, Ívari Helgasyni og Maríu Rúnarsdóttur. Framkvæmdastjóri félagsins er Gauti Reynisson.

Fyrirtækið **Mint Solutions** hefur hannað MedEye-lausnina sem auðveldar sjúkrastofnunum að hafa eftirlit með lyfjagjöfum. Markmið fyrirtækisins er að vera leiðandi í gerð lausna til lyfjaeftirlits á sjúkrastofnunum og er markaðssetning erlendis hafin. Mistök við lyfjagjöf eru alvarlegt vandamál sem allar sjúkrastofnanir glíma við og kostar fjölda mannlífa á ári hverju. MedEye skannar töflur myndrænt og greinir lyfjategundir til að koma í veg fyrir mistök. MedEye eykur öryggi við lyfjagjöf verulega og er einstakt í sinni röð. Sótt hefur verið um einkaleyfi á lausninni. Tveir evrópskir sjóðir, LSP og Seventures, fjárfestu í félaginu á árinu 2014 ásamt Nýsköpunarsjóði fyrir tæpar 700 mkr.

www.mint.is

NordicPhotos ehf. sérhæfir sig í sölu ljósmynda eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum í gegnum netið um allan heim ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndabönkum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlandabjóðunum ásamt umboðum fyrir um 100 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum.


www.nordicphotos.com



NordicPhotos ehf. var stofnað árið 2000 af Arnaldi Gauta Johnson sem einnig er framkvæmdastjóri félagsins.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Stofnendur	41,5
Nýsköpunarsjóður	14,5
Aðrir	44,0



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	42,5
Kjartan Dagbjartsson	6,4
Arnaldur Gauti Johnson	6,5
Steinunn Jónsdóttir	6,4
Hreinn Ágústsson	4,2
Aðrir	34,0



Oxymap

Oxymap var stofnað árið 2002 af Bryndísi Þórðardóttur og Einari Stefánssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Árni Þór Árnason.

Oxymap var stofnað til að þróa og markaðssetja rannsóknartæki til mælinga á súrefnismettun í sjónhimnu augans. Brenglun á súrefnisbúskap í sjónhimnu er talin koma við sögu í mörgum algengum og alvarlegum augnsjúkdómum, t.d. sjónhimnusjúkdómi í sykursýki og gláku. Oxymap framleiðir Retinal oximeter sem mælir súrefnismettun og þvermál æða í sjónhimnu. Unnið er að þróun á hugbúnaði súrefnismælisins, að því að tryggja hugverkaréttindi með einkaleyfum, að gæðavottun og almennu markaðsleyfi. Oxymap vinnur með helstu rannsóknastofnunum á sviði augnlækninga í heiminum til að sýna fram á notagildi vörunnar. Hugbúnaður Oxymap og súrefnismælirinn passa vel inn í vörulínu hjá helstu tækjaframleiðendum á sviði augnlækninga.

www.oxymap.com

Primex ehf. er fyrirtæki í sjávarlíftækni; sérhæft í framleiðslu á einstaklega hreinu kítíni og kítósani. Hráefnið er eingöngu skel af ferskri kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) sem unnin er á Norðurlandi. Fjórtán manns vinna í verksmiðju og á skrifstofu fyrirtækisins á Siglufirði. Primex markaðssetur og selur gæðavottuð, rekjanleg, vísindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til margvíslegra nota: LipoSan Ultra® eru fitubindi- og kólesteróllækkandi efni. ChitoClear®-vörulínan er mjög fjölbreytt og er m.a. notuð sem hráefni í matvæli og snyrtivörur og sem aðalefni í plástra og sárabindi og í sárageil fyrir dýr. Nýsköpunarsjóður seldi hlut sinn í félaginu á árinu til útgerðarfyrirtækisins Ramma hf.

www.primex.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1998.

Fyrirtækið var selt árið 2014.



Primex var stofnað árið 1997 af fyrirtækjunum Genís hf., Ramma hf. og SR-mjöli hf. Framkvæmdastjóri félagsins er Ólafur Helgi Marteinnsson.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	35,9
Einar Stefánsson	10,1
Jón Atli Benediktsson	10,0
Bryndís Þórðardóttir	6,0
Aðrir	38,0





ReMake Electric var stofnað árið 2010 af Hilmi Inga Jónssyni. Ína Björk Hannesdóttir er framkvæmdastjóri félagsins.

ReMake Electric hefur þróað rafskynjara sem kemur í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja. Búnaðurinn nýtist vel sem greiningartæki og gefur notendum, bæði á heimilum og í fyrirtækjum, tækifæri á að vera upplýstir um rafmagnsnotkunina og stuðla þannig að orkusparnaði og auknu öryggi. Hilmir Ingi Jónsson frumkvöðull uppgötvaði í starfi sínu sem rafvirki að skortur var á upplýsingum til bilanaleitar og kviknaði hugmyndin í framhaldinu. ReMake Electric vann Gulleggið árið 2010 og í framhaldinu komu fjárfestar að fyrirtækinu. Markaðssetning vörunnar hófst af fullum krafti árið 2013 bæði hérlendis og erlendis og meðal viðskiptavina á Íslandi eru Bláa Lónið, Ikea og Arion banki.

www.remake-electric.com

Gangverk hefur þróað hugbúnaðarlausnina Sling fyrir fyrir-tæki í þjónustugeiranum sem eru með fólk í vaktavinnu.

www.sling.is


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2014.



Gangverk var stofnað árið 2012 af Atla Þorbjörnssyni og Helga Hermannssyni sem er framkvæmdastjóri félagsins.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Hilmir Ingi Jónsson	24,5
Eyrir sprotar slhf.	42,9
Nýsköpunarsjóður	22,9
Aðrir	9,7





Arnar Laufdal framkvæmdastjóri Kaptio.



Stiki var stofnað af Svönu Helen Björnsdóttur og er hún stjórnarformaður fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri Stika er Erlendur Steinn Guðnason.

Stiki ehf. var stofnað árið 1992. Fyrirtækið þróar nú tvöns konar hugbúnaðarlausnir; annars vegar til að meta áhættu í rekstri og hins vegar til að meta gæði heilbrigðisþjónustu. Í báðum tilvikum er byggt á ferlavirkni og notkun alþjóðlegra staðla. Risk Management Studio er hugbúnaður hannaður fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem vilja tryggja öryggi og gæði í allri starfsemi sinni. Útflutningur á RM Studio hófst í árslok 2008 og er Stiki nú með viðskiptavini og samstarfsaðila í 16 löndum. RAI-hugbúnaður Stika er þróaður í samstarfi við íslenskar heilbrigðisstofnanir til gæðamats í heilbrigðisþjónustu. Gæði þjónustu eru metin fyrir marga þætti heilbrigðisþjónustu og gæðavísar reiknaðir út. RAI-hugbúnaðurinn er ætlaður opinberum og einkaaðilum í heilbrigðisþjónustu. Allur rekstur Stika er vottaður skv. ISO 9001 og ISO/IEC 27001. Stiki er gullvottaður Microsoftsamstarfsaðili.

www.stiki.com

Stjörnu-Oddi hf. var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkja sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum. Mælitækin eru smáir síritar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla, og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúnað vörur.


www.star-oddi.com



Stjörnu-Oddi hf. var stofnað af Björgvini Guðbjörnssyni, Jóhönnu Ástvaldsdóttur, Kristófer Ástvaldssyni og Sigmar Guðbjörnssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Sigmar Guðbjörnsson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Svana Helen Björnsdóttir	30,2
Bjarni Þór Björnsson	27,6
Nýsköpunarsjóður	42,2



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1999

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	36,9
Sigmar Guðbjörnsson	27,0
Jóhanna Ástvaldsdóttir	15,0
Aðrir	21,1





Valka var stofnuð árið 2003. Framkvöðull og framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Helgi Hjálmarsson.

Fyrirtækið **Valka** var upphaflega stofnað vegna tækifæra fyrir nýjan tækniþátt í fiskiðnaði. Fyrirtækið býður nú upp á mjög fjölbreyttar hugbúnaðar- og vinnslulausnir sem nýtast flestum fiskvinnslum í heiminum í dag. Staða Völku hefur aldrei verið sterkari og stefnir fyrirtækið í áframhaldandi hraðan vöxt á næstu árum.

www.valka.is

Klak-Innovit er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögð er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Megintilgangurinn er að virkja frumkvæði og athafnasemi ungs fólks á Íslandi og aðstoða við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd með stofnun árangursríkra fyrirtækja að leiðarljósi. Stuðlað hefur verið að samstarfi við fremstu frumkvöðlasetur í heiminum til þess að umhverfi frumkvöðla á Íslandi verði með besta móti. Hjá Klak-innovit fá háskólanemar og nýbrautskráðir einstaklingar faglega ráðgjöf og fyrsta flokks aðstöðu til að stofna ný fyrirtæki. Meðal árlegra viðburða hjá Klak-Innovit má nefna frumkvöðlakeppnina um Gulleggjð, Startup Reykjavík, Seed Forum Iceland og Alþjóðlega athafnaviku sem haldin er samtímis í 105 löndum.


www.klakinnovit.is



Innovit var stofnað formlega 6. september 2007. Aðalhvatamenn að stofnun félagsins voru Andri Heiðar Kristinsson, Magnús Már Einarsson og Stefanía Sigurðardóttir. Auk þeirra voru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins stofnaðilar. Framkvæmdastjóri er Salóme Guðmundsdóttir.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Helgi Hjálmarsson	23,9
Frumtak	22,6
Nýsköpunarsjóður	22,7
Aðrir	30,8



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	15,9
Samtök iðnaðarins	8,6
Háskóli Íslands	17,7
Háskólinn í Reykjavík	17,5
Nýherji hf.	25,0
Aðrir	15,3



FJÁRFESTINGAR Í SJÓÐUM

Frumtak

Frumtak slhf. er sjóður sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útflutnings.

Sjóðurinn hefur það markmið að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði þannig að þau skili ekki aðeins góðri ávöxtun til fjárfesta heldur leggi einnig sitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem þau búa í. Frumtak slhf. fjárfestir á Íslandi en er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna markaðssóknar fyrirtækja í eigu Frumtaks á erlenda markaði. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útflutningi. Sjóðurinn sérhæfir sig ekki í einstökum greinum.

Frumtak hefur fjárfest í eftirfarandi fyrirtækjum:

www.trackwell.is, www.agr.is, www.handpoint.com, www.gogogic.com, www.meniga.com, www.iceconsult.com, www.mentor.is, www.controlant.com, www.valka.is, www.gogoyoko.com, www.datamarket.com og www.cintamani.is

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er með ráðandi hlut í Frumtaki, 37%. Aðrir hluthafar eru þrír bankar og sex lífeyrissjóðir.

www.frumtak.is.

AUÐUR I

AUÐUR I er framtakssjóður í rekstri Virðingar sem fjárfestir í fyrirtækjum í rekstri með mikla vaxtarmöguleika, gjarnan í meirihlutaeigu eða undir stjórn kvenna, eða þar sem aðkoma Auðar getur leyst úr læðingi aukin verðmæti. AUÐUR I leggur áherslu á vaxtarfjármögnun (growth capital).

Rúmlega 20 fjárfestar hafa lagt sjóðnum til fé, meðal þeirra eru flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins sem og aðrir stofnana- og fagfjárfestar, þar á meðal Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Stærð sjóðsins var upphaflega 3,2 milljarðar króna. Fjárfestingarrámmi AUÐAR I gerir ráð fyrir fjárfestingum í fyrirtækjum með a.m.k. 3-5 ára rekstrarsögu. Nýsköpunarsjóður á 4,7% í AUÐI I.


www.virding.is.

Brú II

Brú II Venture Capital Fund, S.C.A. SICAR er sjóður sem stofnaður var í ársbyrjun 2006 og starfar undir eftirliti fjármálaeftirlits Lúxemborgar (CSSF). Meðal fjárfesta í sjóðnum eru flestir stærstu lífeyrissjóðir landsins, tryggingafélög og aðrir fagfjárfestar ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Nýsköpunarsjóður á 4,3% í BRÚ II.

www.bru.is.







ÁRSREIKNINGUR 2014
NÝSKÖPUNARSJÓÐS
ATVINNUIFESINS



ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við gildandi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits sjóðsins, uppbyggingar og virkni þess. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. maí 2015

Endurskoðendaþjónustan ehf.

Sævar Þór Sigurgeirsson
löggiltur endurskoðandi

Gunnlaugur Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

ÁRITUN STJÓRNAR

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2014 námu 447,8 milljónum króna samanborið við 310,3 milljónir króna árið áður. Rekstrargjöld ársins námu 246,2 milljónum króna samanborið við 296,8 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 201,5 milljónir króna samanborið við 13,5 milljóna króna hagnað árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir sjóðsins samtals 5.370,9 milljónum króna í árslok 2014. Bókfært eigið fé á sama tíma nam samtals 5.236,7 milljónum króna og eiginfjárlutfall sjóðsins því 97,5%.

Heildarfjárfestingar NSA í eignarhlutum námu 390,4 milljónum króna á árinu 2014. Fjárfest var í einu nýju sprotafyrirtæki fyrir 29,2 milljónir króna og í 12 fyrirtækjum sem NSA átti þegar í fyrir um 361,2 milljónir króna. Þá fjárfesti NSA í samlagssjóðnum Frumtaki slhf. fyrir 63,3 milljónir króna.

Á árinu störfuðu sex starfsmenn hjá sjóðnum.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra NSA að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. maí 2015

Í stjórn

Almar Guðmundsson
stjórnarformaður

Ásta Þórarinsdóttir

Finnbjörn A. Hermannsson

Erla Ósk Pétursdóttir

Guðbergur Rúnarsson

Framkvæmdastjóri

Helga Valfells

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og arður af fjárfestingarverkefnum		71.356.055	75.593.146
Vaxta- og vörslutekjur af inneignum	3	60.738.439	45.517.366
Aðrar rekstrartekjur		3.460.000	6.086.372
Söluhagnaður af eignarhlutum		312.208.086	183.131.942
		<u>447.762.580</u>	<u>310.328.826</u>
Rekstrargjöld			
Framlag í afskriftarreikning fjárfestingarverkefna	9	102.424.385	136.850.800
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni		8.341.411	14.209.017
Laun og launatengd gjöld	4	78.221.309	95.061.623
Annar almennur rekstrarkostnaður		61.006.927	56.187.636
Þátttaka annarra sjóða í rekstri		(7.200.000)	(8.788.099)
Veittir styrkir		2.897.233	3.320.502
Afskriftir	5	509.312	13.259
		<u>246.200.577</u>	<u>296.854.738</u>
Hagnaður ársins		<u>201.562.003</u>	<u>13.474.088</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

Eignir

	Skýr.	31.12. 2014	31.12. 2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	3.153.222	1.898.265
Eignarhlutar	6	3.068.157.967	3.092.327.454
Útlán	7	607.829.692	698.578.003
Samlagssjóðir	8	1.573.899.281	1.640.950.991
Afskriftarreikningur fjárfestingarverkefna	9	(979.045.453)	(1.134.201.509)
		<u>4.273.994.709</u>	<u>4.299.553.204</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	10	64.679.433	48.600.486
Markaðsverðbréf, fjárvarsla	11	362.263.732	477.904.954
Handbært fé	12	669.947.437	368.705.177
		<u>1.096.890.602</u>	<u>895.210.617</u>
Eignir samtals		<u>5.370.885.311</u>	<u>5.194.763.821</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12. 2014	31.12. 2013
Eigið fé	13		
Stofnfé		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		414.943.889	213.381.886
		<u>5.236.711.361</u>	<u>5.035.149.358</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir vegna verkefna	16	110.000.000	134.800.000
Skuldir við tengda sjóði	14	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	24.173.950	24.814.463
		<u>134.173.950</u>	<u>159.614.463</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>5.370.885.311</u></u>	<u><u>5.194.763.821</u></u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur bankareikninga		15.234.201	(6.227.378)
Innborgaðar aðrar tekjur		3.657.151	3.587.720
Innborgaðar tekjur af fjárfestingarverkefnum		120.985.308	5.230.513
Greiddur rekstrarkostnaður		(141.010.160)	(148.260.976)
Greiddir styrkir		(2.897.233)	(3.320.502)
Handbært fé til rekstrar		(4.030.733)	(148.990.623)
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(1.764.269)	(795.550)
Ný útlán		(331.819.435)	(228.410.319)
Fjárfest í samlagssjóðum	8	(63.333.333)	(287.006.523)
Fjárfest í eignarhlutum		(390.373.567)	(232.600.000)
Seldir eignarhlutir		489.776.931	307.735.951
Útborgað úr samlagssjóðum		130.385.043	59.016.414
Hreyfingar fjárvörslu markaðsverðbréfa		115.641.222	477.400.478
Fengnar afborganir útlána		356.760.401	133.380.524
		305.272.993	228.720.975
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands vegna samlagssjóða	8	0	56.975.802
Skuld við tengda sjóði, breyting		0	0
		0	56.975.802
Hækkun á handbæru fé		301.242.260	136.706.154
Handbært fé í byrjun árs		368.705.177	231.999.023
Handbært fé í lok árs		669.947.437	368.705.177

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu Ríkissjóðs Íslands. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutningsins.

Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning á vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins:

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld.

Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2014	2013	2014	2013
Evra (EUR)	156,16	162,41	154,27	158,06
Bandaríkjadalur (USD)	120,83	122,26	126,90	114,76
Dönsk króna (DKK)	20,95	21,71	20,72	21,19
Sænsk króna (SEK)	193,70	191,29	197,66	189,75

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sjóðnum og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Fjáreignir

Eignarhlutar í félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Vörslutekjur og þóknunartekjur

	2014	2013
Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	2.264.033	5.689.823
Gengismunur	12.970.168	(11.917.201)
Tekjur af vörslusjóðum	45.504.238	51.744.744
	<u>60.738.439</u>	<u>45.517.366</u>

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2014	2013
Laun	58.606.014	72.653.488
Lífeyrissjóður	9.495.266	11.530.069
Önnur launatengd gjöld	6.037.358	8.111.495
Annar starfsmannakostnaður	4.082.671	2.766.571
	<u>78.221.309</u>	<u>95.061.623</u>
Stöðugildi að meðaltali	6,00	6,60

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2014 námu 16,2 milljónum króna. Laun framkvæmdastjóra eru ákvörðuð af kjararáði. Á árinu 2013 námu heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins 16,2 milljónum króna.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Innréttingar, skrifstofuáhöld	Tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1	5.535.394	1.469.885	7.005.279
Viðbætur ársins	1.764.269	0	1.764.269
Heildarverð 31.12	7.299.663	1.469.885	8.769.548
Staða 1.1	3.784.118	1.322.896	5.107.014
Afskriftir ársins.	509.312	0	509.312
Staða 31.12	4.293.430	1.322.896	5.616.326
Bókfært verð 1.1	1.751.276	146.989	1.898.265
Bókfært verð 31.12.	3.006.233	146.989	3.153.222
Afskriftarhlutföll	20%	33%	

Vátryggingarmat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

Innréttingar, skrifstofuáhöld og tölvubúnaður.	Vátryggingarmat
	12.075.500

6. Eignarhlutar

Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% þar sem ekki er unnt að beita hlutdeildaraðferð sbr. 70 gr. ársreikningalaganna. Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2014	2013
Eignarhlutar í upphafi árs.	3.092.327.454	2.883.447.629
Fjárfest í nýjum eignarhlutum	390.373.567	364.076.839
Bókfært verð seldra eignarhluta	(279.819.777)	(134.744.160)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutar	(128.923.277)	(252.854)
Óútborguð fjárfestingarverkefni, breyting.	(5.800.000)	(20.200.000)
	3.068.157.967	3.092.327.454

Eignarhlutar í fyrirtækjum

3Z ehf.	30,0%	Klak Innovit ehf.	15,9%
Admit ehf.	30,0%	Lifeind ehf.	43,7%
AGR – Aðgerðargreining ehf.	7,8%	Menn og mýs ehf.	24,4%
Akthelia ehf.	22,9%	Mentis Cura ehf.	15,4%
AMP ehf.	43,3%	Mentor ehf.	13,0%
Auris ehf.	19,7%	Mint Solutions ehf.	14,5%
Cooori ehf.	33,3%	Norrænar myndir ehf.	42,5%
Dohop ehf.	10,8%	Oxymap ehf.	35,9%
Expeda ehf.	22,6%	Oz ehf.	1,4%
Fjölblendir ehf.	13,1%	ReMake Electric ehf.	22,9%
Frumtak GP ehf.	43,0%	Stiki ehf.	42,2%
(Gagnavarslan) Azazo	20,0%	Stjörnu-Oddi hf.	36,9%
Gangverð ehf.	36,0%	Transmit ehf.	41,4%
Genís ehf.	21,3%	Tölvuský ehf.	29,4%
Geogreenhouse ehf.	20,0%	Valka ehf.	22,6%
Gogogic ehf.	50,0%	Atmoselect ehf.	7,4%

7. Útlán

Útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2014	2013
Útlán í upphafi	698.578.003	895.096.355
Ný útlán	312.819.435	164.887.978
Afborganir útlána	(356.760.401)	(245.353.115)
Áfallnir vextir, breyting	(46.807.354)	19.505.677
Endanlega afskrifuð útlán	0	(135.558.892)
	<u>607.829.692</u>	<u>698.578.003</u>

8. Samlagssjóðir

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunar- fyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Fjárfesting í samlagssjóðum er færð á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% sbr. heimildarákvæði ársreikningalaganna. Eignarhluti í samlagssjóðum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2014	2013
Samlagssjóðir í upphafi	1.640.950.991	1.412.960.882
Fjárfestingar í samlagssjóðum.	63.333.333	287.006.523
Útborganir samlagssjóða	(130.385.043)	(59.016.414)
	<u>1.573.899.281</u>	<u>1.640.950.991</u>

	Hlutdeild	Kaupverð
Frumtak slhf.	37,04%	1.301.036.834
AUÐUR I	4,69%	127.784.048
Brú II	4,30%	145.078.399
		<u>1.573.899.281</u>

9. Afskriftarreikningar fjárfestingarverkefna

Afskriftarreikningur fjárfestingarverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingu í samlagssjóðum. Lagt er í þennan afskriftarreikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði. Við mat fjárfestingarverkefna er beitt leiðbeinandi reglum evrópskra framtaksfjárfesta (EVCA Valuation Guidelines).

Breyting á afskriftarreikningi fjárfestingarverkefna greinist svo:

	2014	2013
Afskriftarreikningur í upphafi árs	1.134.201.509	1.092.537.504
Framlag ársins í afskriftarreikning	82.924.385	131.002.558
Endanlega töpuð fjárfestingarverkefni	(257.580.441)	(89.338.553)
	<u>959.545.453</u>	<u>1.134.201.509</u>

9. Afskriftarreikningar fjárfestingarverkefna (framhald)

Gjaldfærslur afskrifta fjárfestingarverkefna í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2014	2013
Framlag ársins í afskriftarreikning og sölutap	102.424.385	131.002.558
Niðurfærsla skammtímakrafna vegna fjárfestingarverkefna	0	5.848.243
	<u>102.424.385</u>	<u>136.850.800</u>
Afskriftarsjóður fjárfestingarverkefna í efnahagsreikningi greinist þannig:		
Afskriftarreikningur eignarhluta	823.403.451	898.926.156
Afskriftarreikningur útlána	95.563.603	182.513.045
Afskriftarreikningur samlagssjóða	60.078.399	52.762.308
	<u>979.045.453</u>	<u>1.134.201.509</u>

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	2014	2013
Kröfur vegna seldra eignarhluta	1.614.603	44.153.902
Aðrar kröfur	63.064.830	4.446.584
	<u>64.679.433</u>	<u>48.600.486</u>

11. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Vörslusjóðir:

Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við aðila innanlands.

	2014	2013
Fjárvarsla í erlendri mynt	0	233.328.406
Fjárvarsla í íslenskum krónum	362.263.732	244.576.548
	<u>362.263.732</u>	<u>477.904.954</u>
Þróun vörslusjóða greinist þannig:		
Staða í upphafi árs.	477.904.954	903.560.688
Innborgað til fjárvörsluaðila	217.854.540	38.501.989
Útborgað frá fjárvörsluaðilum	(379.000.000)	(515.902.467)
Markaðsbreytingar vörslusjóða	45.504.238	51.744.744
	<u>362.263.732</u>	<u>477.904.954</u>

12. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og sjóðum.

	2014	2013
Bankainnistæður og sjóðir	349.605.913	118.844.208
Bankainnistæður og sjóðir í fjárvörslu	320.341.524	249.860.969
	<u>669.947.437</u>	<u>368.705.177</u>

13. Eigið fé

Innborgað stofnfé er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 milljónir kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé er 5.236,7 milljónir króna í árslok 2014 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.713 milljónir króna.

Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1. 2013.	4.821.767.472	158.487.552	4.980.255.024
Innborgun frá ríkissjóði vegna samlagssjóða	0	41.420.246	41.420.246
Tap ársins 2013		13.474.088	13.474.088
Eigið fé 1.1. 2013	<u>4.821.767.472</u>	<u>213.381.886</u>	<u>5.035.149.358</u>
Hagnaður ársins 2014	0	201.562.003	201.562.003
Eigið fé 31.12.2014	<u>4.821.767.472</u>	<u>414.943.889</u>	<u>5.236.711.361</u>

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	31.12.2014	31.12.2013
Stofnsjóður	5.226.123.126	5.024.561.133
Tryggingardeild útflutnings.	10.588.225	10.588.225
	<u>5.236.711.361</u>	<u>5.035.149.358</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndun varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litid. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á sjóðinn, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir sjóðnum, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2014	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag	0	7.200.000	0	0
	0	7.200.000	0	0

Viðskipti við tengd félög árið 2013	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag	0	7.200.000	0	0
	0	7.200.000	0	0

15. Aðrar peningalegar skuldir

	2014	2013
Ógreiddur kostnaður	3.813.221	5.041.667
Áunnið orlof	8.727.346	8.139.413
Skuld við ríkisábyrgðarsjóð	11.633.383	11.633.383
	<u>24.173.950</u>	<u>24.814.463</u>

16. Skuldir vegna verkefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annaðhvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skuldbinding í árslok sem færð er meðal skammtímaskulda nemur samtals 110 milljónum króna en nam samtals 134,8 milljónum króna árið 2013.

17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til þátttöku í þremur samlagssjóðum, AUÐI I, Brú II og Frumtaki slhf., samtals að fjárhæð 1.900 milljónir króna. Ógreidd fjárfestingarloforð vegna þessara samlagssjóða nema í lok ársins 2014 um 78,9 milljónum króna samanborið við 188,9 milljónir króna í árslok 2013.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalánnum. Í árslok 2014 nemur veitt ábyrgð til tryggingar bankaláni um 15,9 milljónum króna samanborið við 24 milljónir króna í árslok 2013.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 181,3 milljónir króna sem jafngildir um einni milljón í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar tryggingardeildar ekki nema hærri fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga tryggingardeildar greinist þannig:

	31.12. 2014	31.12. 2013
Gjaldfallin ábyrgð	169.442.760	146.295.943
Til endurgreiðslu síðar	11.884.258	53.603.057
	<u>181.327.018</u>	<u>199.899.000</u>

18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum hinn 11. maí 2015.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins Kringlunni 7 6. hæð 103 Reykjavík
www.nsa.is nsa@nsa.is

Hönnun og umbrot: Plánetan Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson Prentun: Svansprent



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR